



Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Umsögn frá Félagi íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum.

Í nokkurn tíma hefur FÍL átt í samtali við ráðherra menningarmála um mikilvægi þess að hljóðrás kvikmyndaefnis, þ.e. talsetning, falli einnig undir lög um endurgreiðslu. Talsetning á t.d. barnaefni er gífurlega mikilvægt framlag til barnamenningar og varðveislu tungumálsins og það er afar mikilvægt að þessi hluti kvikmyndagerðar, hljóðrásin, verði sett inn í frumvarp um breytingu á lögum 43/1999

Úttekt frá FÍL og BHM gefur til kynna að framleiðsla á talsettu efni hafi á síðustu árum dregist saman um 30% og velta í faginu minnkað um 50% sem ætti að vera viðvörunarflagg ekki síst fyrir hið opinbera þar sem ótalsett barnaefni flæðir yfir markaðinn í gegnum streymisveitur og aðra netmiðla. Þróun í mörgum Evrópuríkjum er á þann veg að stjórnvöld í hverju landi hafa brugðist við með því að stórauka talsetningu og stuðla þannig að vernd og viðhaldi móðurmálsins og þeim réttindum barna að njóta efnis á eigin tungumáli.

Við hvetjum ráðherra til að bæta þessari þýðingarmiklu framleiðslu inn í frumvarpið og styðja með því við framleiðslu sem á undir högg að sækja en er afar mikilvæg fyrir börn - okkar besta fólk. Bæði börn sem eiga íslensku að móðurmáli og ekki síður þau börn sem hingað koma talandi annað tungumál og læra íslensku. Að börn njóti barnaefnis á íslensku er mikilvægur liður í málörvun og kennslu og á auðvitað að vera sjálfssagður hlutur í menningaruppeldi barna.

Virðingarfyllst,

Birna Hafstein
Fomaður FÍL

Hrafnhildur Theodórsdóttir
Framkvæmdastjóri FÍL